



# Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 25. september 2017

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

25. september 2017, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Höskuldur Haraldsson, Heiðbjört Antonsdóttir og Teitur Helgason.

Einnig mættur Magnús Már Þorvaldsson sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

1. mál: **Hafnarbyggð 12, dælustöð** – HB Grandi hf. leggur fram fyrirspurn er varðar heimild til að byggja við núverandi dælustöð félagsins skv. bréfi dags. 17.07.17 og uppdráttum ASK arkitekta. Með jákvæðri afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar verður formleg byggingarleyfisumsókn lögð fyrir nefndina.

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur vel í fyrirspurnina og mun taka erindið fyrir þegar öll skilyrði hafa verið uppfyllt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt - fundi slitið kl. 12:35.